

Kampi ehf.

Kt.: [...]

Heimilisfang: [...]

Hafnarfjörður, 19.3.2025

Tilv.2024-08-30-1169

Efni: Ákvörðun um afturköllun vigtunarleyfis. Endurvigtun. Löggildur vigtarmaður ekki viðstaddur.

Fiskistofa hefur lokið meðferð á máli er varðar ætluð brot endurvigtunarleyfishafans Kampa ehf., kt. [...], þann 28. ágúst 2024, gegn reglugerð nr. 745/2016, um vigtun og skráningu sjávarafila og lögum nr. 57/1996 um umgengni um nytjastofna sjávar.

I. Málsvik

Fram kemur í eftirlitsskýrslu Fiskistofu að þann 28. ágúst 2024 hafi veiðieftirlitsmaður Fiskistofu verið við hefðbundið eftirlit með endurvigtun í [...] Kampi ehf., kt. [...]. Fiskiskipið Vestri BA-63, skipaskrárnúmer 3030 hafi landað á [...] daginn áður og stóð til að endurvigta aflann hjá Kampa ehf. Í skýrslunni kemur fram að veiðieftirlitsmaður Fiskistofu hafi mætt á staðinn kl 07:45 og þá hafi vigtun á rækju verið hafin og búið að afísa sex kör af níu. Einn löggiltur vigtarmaður sé skráður á endurvigtunarleyfi Kampa ehf., [...], kt. [...], með löggildingu til [...], en er veiðieftirlitsmaður Fiskistofu hafi verið við eftirlit hafi [...], kt. [...], framkvæmt vigtunina. Veiðieftirlitsmaður Fiskistofu hafi óskað upplýsinga um hvar [...] væri og upplýsti [...] að [...] væri staddur erlendis. Í ljós hafi komið að [...] sé ekki löggiltur vigtarmaður. Enginn löggiltur vigtarmaður hafi verið á staðnum og hafi því vigtun verið umsvifalaust stöðvuð. Fram kemur að [...], kt. [...], löggiltur vigtarmaður hjá höfninni, hafi verið fenginn til að framkvæma vigtunina.

II. Athugasemdir málsaðila

Með bréfi Fiskistofu, dags. 30. janúar 2025, var Kampa ehf. tilkynnt um að málið hafi verið tekið til meðferðar, málsatvikum lýst, leiðbeint um lagaatriði og aðila málsins gefinn kostur á að koma andmælum og athugasemdum á framfæri í samræmi við 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 áður en afstaða yrði tekin til þess hvort brot hafi verið framið og eftir atvikum hvort beita ætti viðurlögum. Var málsaðila veitt tækifæri til að leggja fram athugasemdir og andmæli vegna málsins til og með 13. febrúar 2025.

Þann 10. febrúar 2025 bárust athugasemdir málsaðila. Þar kemur fram að endurvigtunarferli Kampa ehf. hafi verið þannig að [...], löggiltur vigtarmaður hafi séð um endurvigtun með aðstoð [...]. Í þessu tiltekna tilfelli hafi [...] verið fjarverandi og því ekki til staðar til þess að

sinna endurvigtun með [...] og hafi vinnuferlar varðandi fjarveru [...] ekki virkað. Þeim vinnuferlum hjá Kampa ehf. hafi verið breytt svo ekki komi til samskonar atviks og í kjölfarið hafi [...] verið skráður á námskeið til löggildingar vigtarmanns og verður það námskeið haldið 2.-4. júní nk. Jafnframt hafi verið ráðinn inn starfsmaður með löggilt vigtarréttindi, [...]. Málsaðili telur að hann hafi þar með vera búinn að koma í veg fyrir að þetta gerist aftur með framangreindum breytingum á vinnuferlum ásamt fjölgun löggiltra vigtarmanna hjá fyrirtækinu.

III. Lagagrundvöllur

Í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 57/1996 segir að Fiskistofa geti veitt heimild til að veita einstökum aðilum leyfi til að vigta sjávarafla sem áður hefur verið veginn á hafnarvog, skv. 1. mgr. 6. gr. Er slík vigtun nefnd endurvigtun og er nánar mælt fyrir um framkvæmd hennar í reglugerð nr. 745/2016, um vigtun og skráningu sjávarafla. Í 6. mgr. 15. gr. reglugerðarinnar segir að endurvigtun skuli vera framkvæmd af vigtarmanni sem hlotið hefur löggildingu til vigtunar. Brot á ákvæðum reglugerðarinnar varða viðurlögum, samkvæmt IV. kafla laga nr. 57/1996, sbr. 1. mgr. 56. gr. reglugerðar nr. 745/2016. Í 1. mgr. 17. gr. laganna segir að Fiskistofa skuli afturkalla leyfi aðila til vigtunar á sjávarafla, skv. 2. mgr. 6. gr. ef hann, fyrirsvarsmenn hans, starfsmenn eða aðrir þeir sem í þágu hans starfa hafa brotið gegn ákvæðum III. kafla laga þessara eða reglum settum samkvæmt þeim. Í 3. mgr. 17. gr. laganna segir að við fyrsta minni háttar brot skuli Fiskistofa, þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr., veita hlutaðeigandi aðila skriflega áminningu.

IV. Niðurstaða og rökstuðningur

Óumdeilt er að vigtun á afla úr fiskiskipinu Vestri BA-63 (3030) þann 28. ágúst 20224, var framkvæmd af starfsmanni Kampa ehf. sem ekki var löggiltur vigtarmaður. Þá hefur einnig komið fram að aðeins einn löggiltur vigtarmaður starfaði hjá Kampa ehf. og sá aðili hafi verið erlendis þann dag sem vigtunin fór fram.

Í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 57/1996 er meginreglan um að allur afli skuli veginn á hafnarvog þegar við löndun aflans. Í 2. mgr. kemur fram undantekning frá meginreglunni og getur Fiskistofa veitt einstaka aðilum leyfi til vigtunar sjávarafla. Nánar er svo fjallað um vigtunarleyfi í II kafla reglugerðar nr. 745/2016. Ströng skilyrði eru sett vigtunarleyfishöfum og í 6. mgr. 15. gr. segir að vigtun afla skuli framkvæmd af vigtarmanni sem hlotið hefur löggildingu til vigtunar og notuð til þess löggilt vog. Með því að gera kröfu um að löggiltir vigtunarmenn framkvæmi vigtun er reynt að tryggja að ákveðin þekking og færni sé til staðar hjá vigtunarleyfishafa. Enginn löggiltur vigtarmaður var mættur til vinnu þann 28. ágúst 2024, og eini starfsmaður Kampa ehf. sem hlotið hafði löggildingu sem vigtarmaður var í orlofi. Sá aðili sem settur var í að framkvæma vigtunina hafði ekki hlotið löggildingu sem vigtarmaður en í athugasemdum málsaðila kom fram að sá aðili hefði oft aðstoðað við vigtun.

Með vísan til málsatvika og eðli brota, vitnisburðar veiðieftirlitsmanna, gagna málsins og þess sem framan greinir er það niðurstaða Fiskistofu, að framkvæmd á vigtun afla þann 28. ágúst 2024 í Kampa ehf., braut gegn 2. mgr. 6. gr. laga nr. 57/1996, sbr. 6. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 745/2016, þar sem vigtun var ekki framkvæmd af löggiltum vigtarmanni.

Endurvigtunarleyfishafi, Kampi ehf., braut gegn 2. mgr. 6. gr. laga nr. 57/1996 um umgengni um nytjastofna sjávar, sbr. 6. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 745/2016, um vigtun og skráningu sjávarafla með því að tryggja ekki að löggiltur vigtarmaður framkvæmdi vigtun, dags 28. ágúst 2024, á afla úr fiskiskipinu Vestri BA-63, skipaskrárnúmer 3030.

Fiskistofa skal afturkalla vigtunarleyfi aðila ef hann, fyrirsvarsmenn hans, starfsmenn eða aðrir þeir sem í þágu hans starfa hafa brotið gegn ákvæðum III. kafla laganna eða reglum settum samkvæmt þeim. Hafi vigtunarleyfi aðila verið afturkallað skal ekki veita honum slíkt leyfi að nýju fyrr en átta vikur eru liðnar frá afturköllun leyfis, skv. 1. og 2. mgr. 17. gr. laga nr. 57/1996. Við fyrsta minni háttar brot skal Fiskistofa veita hlutaðeigandi aðila skriflega áminningu, skv. 3. mgr. 17. gr. laganna. Við mat á því hvort um minni háttar brot er að ræða er m.a. litið til þess hvort ætla megir að brot hafi í för með sér umtalsverðan ávinning fyrir hlutaðeigandi endurvigtunarleyfishafa og/eða tengda aðila, hversu mikilvægum hagsmunum brot ógnar og hvort það hefur verið framið af ásetningi eða gáleysi.

Ákvæði 2. mgr. 6. gr. laga nr. 57/1996 og 6. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 745/2016, eru skýr hvað varðar þá kröfu um að afli sem tekinn er til endurvigtunar sé veginn á löggilttri vog af löggiltum vigtarmanni.

Við mat á því hvort um gáleysis- eða ásetningsbrot hafi verið að ræða, er m.a. horft til þess að afli var tekinn í hús án þess að löggiltur vigtarmaður væri að störfum og ekkert bendir til þess að málsaðili hafi aðhafst nokkuð til að fá inn löggiltan vigtarmann. Í lögum er gerð krafa um að löggiltir vigtarmenn framkvæmi vigtun og þannig er reynt að tryggja að þekking sé til staðar hjá endurvigtunarleyfishöfum sem er m.a. ætlað að tryggja eftirlit með því að afli sé rétt vigtaður og t.d. að þær vogir sem notaðar eru uppfylli lagalegar kröfur. Í athugasemdum vísar málsaðili til þess að sá aðili sem átti að framkvæma vigtunina hafi unnið náíð með löggiltum vigtarmanni undanfarin misseri.

Þá vísar málsaðili í að verkferlar hafi brugðist vegna fjarveru löggilts vigtarmanns. Óljóst er hverjir verkferlarnir hefðu verið. Þó svo að verkferlar hafi brugðist hefði átt að vera skýrt fyrir vigtunarleyfishafa að vigta aldrei afla án löggilds vigtarmanns. Það er eitt af megin skilyrðum þess að aðilar fái endurvigtunarleyfi og er tekið fram í 6. mgr. 15. gr. reglugerðarinnar. Ábyrgð á vigtun og að hún sé framkvæmd með fullnægjandi hætti í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli er hjá vigtunarleyfishafa.

Við mat á þeim hagsmunum sem umrætt brot ógnar lítur Fiskistofa til þess að þeir sem hafa leyfi Fiskistofu til endurvigtunar á sjávarafla, eru með leyfisveitingunni treyst til þess að framkvæma, í samræmi við ákvæði laga og reglugerða, vigtun á sjávarafla sem veiddur er úr auðlind sem er í eigu allra landsmanna. Leyfið er veitt í trausti þess að leyfishafi hagi framkvæmd vigtunar í samræmi við lög og að öll framkvæmd einkennist af því öryggi og festu sem endurspeglar hina ríku almannahagsmuni sem felist í vigtuninni, enda byggist endanleg aflaskráning á henni. Með því að hafa brotið gegn ákvæðum laga og reglna um endurvigtun,

braut málsaðili gegn 6. mgr. 15. gr. reglugerðarinnar og það traust sem honum er gefið með veitingu endurvigtunarleyfis.

Í málinu ber einnig að líta til þess að þegar eftirlitsmaður gerði athugasemdir við starfsmann Kampa ehf. var vigtun stöðvuð samstundis og löggiltur vigtarmaður fenginn til þess að framkvæma vigtunina. Þá kom fram að búið væri að ráða annan löggiltan vigtarmann til Kampa ehf. og að starfsmaður málsaðila, sem annaðist vigtunina án löggildingar, muni sækja vigtunarnámskeið til löggildingar í júní nk. Þessi breyting málsaðila á verkferlum fyrirtækisins er honum til hagsbóta en dregur ekki úr alvarleika brotsins. Að teknu tilliti til eðlis og umfang brotsins. Fiskistofa telur að málsaðili hafi sýnt af sér stórfellt gáleysi með því að tryggja ekki að löggiltur vigtarmaður væri til staðar þegar afli fiskiskipinu Vestri BA-63 (3030) var færður í hús til endurvigtunar og vinnslu. Af þeim sökum og á grundvelli alls þess sem að framan hefur verið rakið, með hliðsjón af fyrri ákvörðunum stofnunarinnar og úrskurðum ráðuneytisins í sambærilegum málum og meðalhófsreglu stjórnsýsluréttar, er brotið metið meiri háttar og þykir rétt að afturkalla endurvigtunarleyfi málsaðila á Ísafirði.

Fiskistofa afturkallar hér með endurvigtunarleyfi Kampi ehf. á Ísafirði, frá og með 30. apríl 2025, skv. 1. mgr. 17. gr. laga nr. 57/1996, fyrir brot gegn ákvæðum reglugerðar nr. 745/2016 og lögum nr. 57/1996. Ekki er heimilt að veita málsaðila endurvigtunarleyfi fyrir en átta vikur eru liðnar frá afturköllun leyfis, skv. 2. mgr. 17. gr. laga nr. 57/1996. Ákvörðunin hefur ítrekunaráhrif í tvö ár skv. 19. gr. sömu laga.

Kæruheimild

Ákvörðun um afturköllun endurvigtunarleyfis er kæránleg til matvælaráðuneytisins, Borgartúni 26, 4. hæð, 105 Reykjavík, innan eins mánaðar frá því að málsaðila var tilkynnt um ákvörðunina, sbr. 18. gr. laga nr. 57/1996. Kæru skal beint til ráðuneytisins, t.a.m. með tölvupósti á netfangið mar@mar.is. Kæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar. Vakin er athygli á því að ákvörðun þessi verður birt opinberlega á vefsíðu Fiskistofu á grundvelli 9. gr. laga nr. 36/1992.

